

5. gr.

Í umboði Íslands fara dönsk stjórnarvöld með mál þau, er talin eru í 3. gr., unz uppsögn fer fram af annari hvorri hálfu, samkvæmt fyrirmælum 7. gr. Að öðru leyti ræður hvort landið að fullu öllum sínum málum.

6. gr.

Meðan Ísland tekur ekki frekari þátt í meðferð sambandsmálanna en um getur í 3. gr., tekur það heldur ekki þátt í kostnaði við þau, nema hvað Ísland leggur fje á konungsborð og til borðfjár konungsettmenna hlutfallslega eftir tekjum Danmerkur og Íslands. Framlög þessi skulu ákveðin fyrir fram um 10 ár í senn með konungsúrskurði, er forsætisráðherra Dana og ráðherra Íslands undirskrifa.

Ríkissjóður Danmerkur greiðir ríkissjóði Íslands eitt skifti fyrir öll 1,500,000 kr., og eru þá jafnframt öll skuldaskifti, sem verið hafa að undanfögnu milli Danmerkur og Íslands, fullkomlega á enda kljád.

7. gr.

Með eins árs fyrirvara getur Ríkisþing Dana og Alþingi hvort um sig sagt upp sáttmála þessum að nokkru leyti eða öllu, þá er 25 ár eru liðin frá því, er hann gekk í gildi. Ákvæði sáttmálans um konungssamband, sem og um borðfje til konungs og konungsettmenna, verður þó eigi sagt upp.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.